



Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

landsskipulag@skipulag.is

Grundarfirði, 8. janúar 2021

Efni: Viðauki við landsskipulagsstefnu 2015-2026 ásamt umhverfismati

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem upphaflega barst 13. nóvember 2020 ásamt viðbót og breytingu sem barst 18. nóvember 2020. Gefinn var kostur á því að senda inn skriflegar athugasemdir við tillöguna og umhverfismat hennar, til og með 8. janúar 2021.

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar fól skipulags- og umhverfisnefnd bæjarins að yfirfara tillöguna og leggja upp drög að umsögn.

Grundarfjarðarbær tekur jákvætt í þær hugmyndir sem fyrir liggja í viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 og bendir jafnframt á að í nýsamþykktu aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar er þegar unnið að þeirri stefnu sem lagt er upp með í tillögunni, með tilliti til lýðheilsu, landslags- og loftslagsmála.

Hugmyndafræði á bak við 20 mínútna bæinn er þegar í vinnslu hjá bæjarfélaginu, hvað varðar gönguleiðir og framtíðaruppbyggingu. Markmið er þar sett um "Gönguvænan Grundarfjörð". Einnig er þegar hafin vinna við blágrænar ofanvatnslausnir í þéttbýli.

Grundarfjarðarbær gerir því ekki athugasemdir við framlagðar breytingar á Landsskipulagsstefnu 2015 - 2026 og umhverfismati hennar á þessu stigi.

Virðingarfyllst,

F.h. skipulags- og umhverfisnefndar, í umboði bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar

Þuríður Gía Jóhannesdóttir
starfsmaður embættis skipulags- og byggingarfulltrúa Grundarfjarðarbæjar